

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1970

6. nóvember 1970.

459

Nr. 93.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. janúar 1971 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. febrúar 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. nóvember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

19. nóvember 1970.

Nr. 94.

L Ö G

um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.